

Fundargerð hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis

Fundur haldinn 11. ágúst 2008

Mætt voru: Magna Guðmundsdóttir, Valdimar Pálsson, Helga Aðalgeirsdóttir, Ingvar Þóroddsson og Eiríkur Jónsson.

Hverfishátíð í samstarfi við foreldrafélag Glerárskóla

Rætt var um hverfishátíð og undirbúning hennar. Ákveðið var að óska eftir við foreldrafélagið að hún yrði haldin þann 6. september. Foreldrafélagið mun sjá um hefðbundna dagskrá fyrir börnin en hverfisnefndin mun sjá um dagskrá fyrir fullorðna.

1. Rætt um að fara í skoðunarferð um hverfið, m.a. að virkjuninni í Glerárgili og fá fulltrúa hjá Norðurorku til að segja frá henni.
2. Fá fulltrúa frá Akureyrarbæ til að ræða t.d. um hauststörfin í garðinum eða flokkun á sorpi
3. Athuga með hraðskákmót, mögulega utandyra

Auglýsa þarf hátíðina í Dagskránni og athuga hvort N4 hefur áhuga á viðtali.

Deiliskipulag Undirhlíðarreits

Umræða um deiliskipulag Undirhlíðarreits. Svarbréf Akureyrarbæjar er sett þannig fram að túlka mætti sem athugasemdir hverfisnefndarinnar séu eingöngu frá formanni nefndarinnar. Rætt um að skoða hvort hverfisnefndin á að skrifa bréf og mótmæla deiliskipulaginu.

Undirgöngin undir Hörgárbraut

Hverfisnefndin hefur ekki ennþá sent inn formlegt erindi vegna tengingar göngustígs frá Bónus að fyrirhuguðum undirgöngum. Rætt um að senda bréfið og óska jafnframt eftir upplýsingum um stöðu mála.

Rusl við Bónus og Strax

Hverfisnefndin hefur áður fjallað um sóðaskap við verslanir Bónus og Strax. Rusl frá þeim fýkur inn á nærliggjandi lóðir og græn svæði. Við Bónus er talsvert af rusli og verulega mikið af sigarettustubbum við tröppurnar vestan við húsið. Hverfisnefndin þarf að senda bréf til umræddra aðila og óska eftir að ruslið verði hreinsað skipulega.

Ritað 11. ágúst 2008
Helga Aðalgeirsdóttir